

Foreldrafundur haldinn á Sólbrekku þriðjudaginn 10. nóvember klukkan 8:15

Mættar voru Anna Þorbjörg, Edda, Guðrún, Hildur Katrín, Ólöf Sunna, Rakel, ásamt Soffíu leikskólastjóra

Stjórn foreldrafélagsins 2015-2016: Anna Þorbjörg formaður, Edda ritari og Rakel gjaldkeri. Við byrjuðum á því að skrifa upp á umboð fyrir Rakel gjaldkera. Mögulega þurfa einhverjar okkar að mæta í Íslandsbanka að láta skanna skilríki.

Við nefndum við Soffíu að við vildum endilega fá símaskrána fyrir börn & fjölskyldur.

Við ákváðum að velja jólaleiksýninguna frá Brúðuheimum og verður sýningin sett upp 2. desember. Klukkan 13:00 fyrir eldri börnin og 14:00 fyrir þau yngri. Tímasetningin hentar líka vel upp á leikskólastarfið í desember.

Soffía sagði okkur einnig frá vel heppnaðri leiksýningu (Dúi og Stemma) sem kemur til greina að skoða á nýju ári.

Við ræddum um að gefa bækur í jólagjafir. Ég mun setja upp valmöguleikana fyrir kvöldið fyrir ykkur til að velja úr þegar ég er búin að fara í gegnum bókalistana m.t.t. verðs og gæða. Á leið hjá bókabúð í dag og ætla að sjá hvort ég sé eitthvað af þessum bókum, get flett í gegn og tekið myndir. Talað var um að halda kostnaðinum undir 600 krónum per bók. Líklega yrðu fyrir valinu 2-3 bækur í pakkana, valdar eftir aldri barnanna.

Fjöldi barna á deildum er:

Holt 15

Mýri 18

Nes 20

Oddi 23

Skáli 21

Eiði 19

Bjarg 24

Grund 18

Bakki 19

Ás 20

Upp kom frábær hugmynd um að setja upp bókakassa í leikskólanum. Þá myndum við senda póst á foreldra og segja þeim frá hugmyndinni sem væri á þá leið að börnin gætu komið með bækur sem þau eru annað hvort hætt að lesa, orðin of stór fyrir, eiga fleiri en eitt eintak af eða vilja lána leikskólanum. Einn kassi fyrir Holt, annar fyrir Mánabrekku og sá þriðji fyrir Sólbrekku. Síðan er hægt að ganga í þessa kassa og örugglega margt nýtt og spennandi þar fyrir börnin.

Margar bækurnar á bókalistunum voru dýrari en við höfðum hugsað okkur að gefa í jólapakkana, en einnig var rætt að kaupa nokkrar bækur fyrir leikskólann, mér dettur í hug t.d. tvær bækur fyrir hverja deild. Leikskólakennararnir hafa rætt um að slíkt væri mjög vel þegið. Sömuleiðis var talað um að hljóðgeisladiskar með sögum væru vinsælir og vel þegnir á leikskólanum.

Foreldrafélagið ætlar að hittast þriðjudagskvöldið 8. des eða miðvikudagskvöldið 9. des, hlusta á jólalög, og pakka inn jólagjöfunum. Frábært væri ef allir væru búnir að safna jólabæklingum og blöðum til að nota fyrir gjafapappír. Jólaballið verður síðan haldið í leikskólanum 18. desember.

Við munum næst taka fund með Soffíu leikskólastjóra miðvikudaginn 6. janúar klukkan 8:15 á Sólbrekku.